

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu, um hlutdeild Austur-Skaptafellssýslu í eignum og skyldum suðuramtsins. — Með þóknunlegu brjefi, dags. 19. f. m., hefur amtið, eptir að hafa leitað álits amtsráðs suðuramtsins á nýafstöðnum aðalfundi þess, látið mjer í tje tillögur sínar um ákvörðun á hluta þeim, sem Austur-Skaptafellssýsla á í sjóðum, eignum og skyldum suðuramtsins, til þess, að þessum hluta verði skipt austuramtinu samkvæmt lögum nr. 17, 16. sept. 1893, 2. gr. — Leggur amtið og amtsráðið það til, að það, sem suðuramtið eigi afgangskuldum, skuli skiptast milli Austur-Skaptafellssýslu á aðra hliðina og suðuramtsins á hina hliðina eptir meðaltali saman lagðra fasteignar og lausafjórðunda um síðastliðin 3 ár, og að það, sem Austur-Skaptafellssýsla kann að eiga tilkall til eptir þessari skiptingu, verði úthlutað henni eða austuramtinu í skuldabryfum búnaðarskólasjóðs suðuramtsins eptir samkomulagi milli beggja amtanna. Er tillaga þessi er einkum miðuð við það, að eignir amtsins hafa skapast af tvenns konar skattgjöldum, er annað hefur hvílt á fasteign amtsins en hitt á lausafjenu.

Eignir amtsins er í ofanefndu brjefi skýrt frá að sjeu þessar:

- | | |
|--|--------------|
| 1. Búnaðarskólasjóður við árslok 1893 | kr. 19698,40 |
| 2. Jafnaðarsjóður við árslok 1893 | — 999,59 |
| 3. Búnaðarskólasofnunin á Hvanneyri, jörð og hjáleigur, hús og byggingar, bú og búsmunir og útistandandi lán | — 23674,55 |

Nýbyggð kirkja á Hvanneyri, sem síðastliðið ár kostaði skólastofnunina 3800 kr., er eigi talin með.

Kr.: 44372,54

Skuldir amtsins eru taldar þessar:

- | | |
|--|---------------------|
| 1. Skuldir út af kaupum á Hvanneyri, skólastofnun þar, kirkjubyggingu, búskap o. fl. | 28545,48 |
| 2. Skuld út af byggingu Ölfusárbrúarinnar | 10000,00 — 38545,48 |

Eign fram yfir skuldir Kr.: 5827,06

Fasteignarhundruð í öllu suðuramtinu eru samkvæmt jarðabókinni frá 1861 28452,1

Lausafjórðunduð skýrir amtið frá að verið hafi að meðaltali árin 1891—1893 16285,5

Fasteignar- og lausafjórðunduð samtals 44737,6

Í Austur-Skaptafellssýslu eru fasteignarhundruðin samkvæmt nefndri jarðabók 1013,5

Lausafjórðunduð að meðaltali árin 1891—93 eru samkvæmt skýrslu amtsins 1263,9

Fasteignar- og lausafjórðunduð samtals 2277,4

Þegar ofanefndum 5827 kr. 6 au. er skipt á saman lagða tölu fasteignar og lausafjórðunda í öllu amtinu, samkvæmt ofansögðu, verða það því sem næst 13 aur., er koma á hvert hundruð, og verður hluti Austur-Skapta-

18. dag októbermán. 1894.

76 fellssýslu eptir því 296 kr. 6 aur., og er þetta sú upphæð, sem amtið hefir 5. júlí. lagt til að greidd verði úr búnaðarskólasjóði suðuramtsins.

Fyrir því skal jeg, um leið og jeg að öllu leyti fellst á tillögur amtsins í ofanefndu brjefi, þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að greiða af fje suðuramtsins, sem hluta Austur-Skaptafellssýslu, 296 kr. 6 aura, annaðhvort í peningum, eða með einhverju skuldabrjefi búnaðskólasjóðs suðuramtsins, eptir samkomulagi við amtmanninn í norðuramntinu og austuramntinu, er jeg í dag hefi tilkynnt innihald brjefs þessa.

77 Brjef landshöfðingja til stiptsyrfrvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli 17. júlí. til kirkjubyggingar (ágríp). — Með brjefi þessu var leyft, að presturinn að Auðkúlu í Húnavatnsprófastsdæmi, síra Stefán Jónsson, tæki 600 kr. lán til 20 ára handa tjeðu prestakalli til endurbyggingar Auðkúlukirkju, þannig, að lánið endurborgist af tekjum prestakallsins, að svo miklu leyti, sem tekjur kirkjunnar hrökkva eigi til.

78 Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramntinu og vesturamntinu um 20. júlí. rjett fjelaga, sem útlendingar eiga hlut í, til veiðiskapar í landhelgi o. fl. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 14. þ. m., hafid þjer, herra amtmaður, sent hingað með ýtarlegum ummælum yðar erindi frá ráðanaut innanrikistjórnarinnar í fiskiveiðamálum, kapteini í sjóliðinu Fr. Drechsel, þar sem hann fyrir hönd fiskiveiðafjelagsins »Dan« í Kaupmannahöfn, er byrjaði fyrir 2 árum að reka fiskiveiðar hjer við land, beiðist úrlausnar á þessum spurningum:

1., hvort nokkuð sje því til fyrirstöðu, að tjeð fjelag reki fiskiveiðar í landhelgi, þótt nokkrir enskir þegnar eigi hluta í því, án þess að nöfn þeirra sjeu tilgreind á hlutabrjefunum, og

2., hvort fjelagið megi í sameiningu við enska fiskiveiðafjelagið »Anglo-Norwegian Company« hafa skip liggjandi á Önundarfirði og nota það til geymslu á ís, er skyldi hafður til að varðveita aflann, svo að hann geti orðið fluttur út nýr, eða hvort fjelagið »Dan« megi ekki, ef þetta væri óleyfilegt, hafa sitt eigið skip liggjandi á Önundarfirði til ísgeymslu handa skipum sínum og til þess að selja enska fjelaginu ís.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð, að jeg er yður samdóma um, að samkvæmt því sem fyrir er mælt í opnu brjefi 7. marz 1787, 2. og 3. gr. (sbr. tilsk. 13. júní 1787, I, 2. og 10. gr.) og lögum 19. júní 1888 um sildarveiði fjelaga í landhelgi, sbr. einnig stjórnarbrjef 14. apríl 1882, sje fiskiveiðafjelaginu »Dan« ekki leyfilegt að reka fiskiveiðar í landhelgi, meðan utanrikismenn eiga hlut í því, hvort sem eigendur hlutabrjefanna eru nafngreindir eða ekki, en að jeg hins vegar gagnvart fyrirmælum tilsk. um fiskiveiðar útlendra við Ísland o. fl. 12. febr. 1872 í 2. gr., sem að eins banna útlendum fiskimönnum að flytja afla sinn í land, hvort sem það er upp á sjálfa ströndina eða í